

AUGLÝSING

217

20. des.

um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Borgarfjarðarsýslu, nr. 64 6. maí 1949.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni, eða að fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunnjaldsskylt (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð, áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirætlun 5. greinar.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunnjaldsskyld (útihús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. grein og fellur í gjalddaga, þegar húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þess háttar fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 1000 kr. af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi og þess háttar húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 kr. af hverju húsi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum, og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunnjald skal greiða 45 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að 70 000 króna matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 70 000 krónur, allt að 500 000 króna matsverði, og 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé samantöl lengd háspennu- og lágspennulína veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3 000 krónur, sem áætlað er, að greiðist í grunnjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina, áður en heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. mgr., skulu heimtaugargjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverð af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 20. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.